



Notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun

Á námskeiðinu mun Dr. Joachim Elmegaard fjalla um sjálfvirknivæðingu og notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun.



Joachim er með doktorsgráðu frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS) og meistargráðu í reikningsskilum og endurskoðun frá University of Southern Denmark. Hann býr að langri reynslu þegar kemur að ráðgjöf, endurskoðun og bankastarfsemi og hefur m.a. starfað hjá bæði PwC og Deloitte og verið gestafræðimaður við Stanford háskóla í Bandaríkjunum.

Joachim er stofnandi félagsins Captier en það er upplýsingatæknifyrirtæki sem þróar hugbúnað fyrir lítil og meðalstór endurskoðunarfirmir til að bæta þjónustu við viðskiptavinum með hágæða stafrænum lausnum.

Námskeiðið verður haldið á ensku á Teams og verður það tekið upp.

- Ætlað:** Opið öllum
- Leiðbeinandi:** Joachim Elmegaard, stofnandi Captier
- Tími:** Föstudaginn 28. mars 2025 kl. 9:00 – 11:00
- Einingar:** Ein endurmenntunareining í flokknum endurskoðun og ein í flokknum reikningsskil og fjármál.
- Verð:** 16.000 krónur fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 20.000 fyrir aðra.
- Skráning:** Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 þann 27. mars 2025.

